

Lög

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með
síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Bóknámsbrautir eru fjórar: félagsfræðabraut, viðskipta- og hagfræðibraut, náttúrufræðabraut og tungumálabraut.

2. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 4. maí 2006.